



ÁHÆTTUSTEFNA 2022



Lífeyrissjóður
Rangæinga

ÁHÆTTUSTEFNA LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA

MARKMIÐ

Markmið stjórnar Lífeyrissjóðs Rangæinga með setningu áhættustefnu er að greina frá skipulagi og ábyrgð er varðar heildar áhættustýringu sjóðsins í samræmi við reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða Nr. 590/2017. Áhættustefnan er þannig hluti af eftirlitskerfi sjóðsins og helst í hendur við fjárfestingastefnu þar sem stjórn hefur sett takmarkanir á áhættutöku. Áhættustefnunni er einnig ætlað að skapa grundvöll fyrir virkri upplýsingagjöf til stjórnar og stuðla að því að stjórn og starfsmenn sem annast rekstur sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk. Áhættustefnan skal endurskoðuð árlega og að auki ef markverðar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins. Nánar er fjallað um þær aðferðir sem sjóðurinn notar til að meta áhættuþætti í áhættustýringarstefnu.

VIÐHORF STJÓRNAR TIL ÁHÆTTU

Stjórn sjóðsins gerir sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir starfsemi sjóðsins og ber ábyrgð á að móta tryggt eftirlitskerfi með starfseminni. Stjórn og framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skulu stuðla að góðum stjórnarháttum og leggja áherslu á mikilvægi áhættustýringar og innra eftirlits. Óhjákvæmilega geta komið upp hagsmunaárekstrar í starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórn leggur áherslu á að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að þeir hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni sjóðsins og/eða sjóðfélaga hans. Áhersla er lögð á að draga úr hættu á að aðilar sem hafa skyldum að gegna við rekstur lífeyrissjóðsins tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála. Gæta skal að lögum og reglum sem gilda um starfsemi sjóðsins.

Stjórn vill tryggja að unnt verði að standa við lífeyrisskuldbindingar sjóðsins að því leyti að líkur á að breyta þurfi réttindum eða iðgjöldum til lágmarkstryggingarverndar séu lágmarkaðar. Tryggingafræðileg staða er því ráðandi þáttur hvað varðar áhættuþol sjóðsins. Fjárfestingarstefna sjóðsins endurspeglar þetta viðhorf stjórnar.

HEILDAR ÁHÆTTUSTÝRING

Í daglegri starfsemi sinni stendur Lífeyrissjóður Rangæinga frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á því að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög nr. 129/1997, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins. Í því felst að stjórn sjóðsins ber endanlega ábyrgð á því að móta eftirlitskerfi sem gerir sjóðnum kleift að greina, vakta, meta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins meðal annars með því að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta ferla. Hlutverk stjórnar er jafnframt að gera sér grein fyrir þeim áhættum sem fylgja starfsemi sjóðsins, ásamt því að setja þeim ásættanleg mörk. Í samræmi við það mótar stjórn fjárfestingarstefnu og áhættustefnu sem lagðar eru til grundvallar við eignastýringu sjóðsins.

HELSTU ÁHÆTTUÞÆTTIR

Lífeyristryggingaáhætta

Hættan á að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsendna um vexti og verðbólgu.

Árlega er framkvæmd athugun á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins af tryggingastærðfræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Árlega framkvæmir tryggingastærðfræðingur álagspróf þar sem áhrif ýmissa þátta, s.s. hliðrun líftaflna, aukning á örorkulíkum og lækkun núvirðingarvaxta, eru metin miðað við fyrirfram skilgreinda álagsþætti Fjármálaeftirlitsins.

Skerðingaráhætta er mæld með álagsprófum.

Markmið stjórnar er að niðurstaða álagsprófa fari ekki yfir þau mörk sem tilgreind eru í lögum og kalla á breytingar á samþykktum. Ef það gerist ákveður stjórn á næsta fundi hvort grípa eigi til aðgerða.

Viðbrögð sjóðsins við því að áhætta raungerist er samhljóða ákvæðum í lögum, þ.e. ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er meiri en 10% ber lífeyrissjóðum að

aðlaga réttindi skv. samþykktum þannig að jafnvægi náist. Það sama á við ef munurinn helst yfir 5% samfellt í fimm ár.

Iðgjaldaáhætta er hættan á miklum samdrætti iðgjalda. Þar sem framtíðariðgjöld hafa fyrst og fremst áhrif á framtíðarskuldbindingar sjóðsins, er iðgjaldaáhættu sjóðsins stýrt með því að réttindavinnsla sé þannig að ekki skapist ójafnvægi á milli framtíðariðgjalda og -skuldbindinga.

Markmið stjórnar er að framtíðarstaða sjóðsins sé á milli -1% til 3%. Fari framtíðarstaða sjóðsins út fyrir þau mörk skal stjórnin ákveða hvort grípa eigi til aðgerða.

Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði

Hættan á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar.

Við gerð fjárfestingastefnu er tekið tillit til skuldbindinga sjóðsins, sem eru verðtryggðar og til langs tíma. Þannig er t.d. bæði horft til áhrifa á eignasafn og skuldbindinga þegar afstaða er tekinn til einstakra eignaflokka. Dæmi um áhættuþátt sem hefur bæði áhrif á eignir og skuldbindingar er gjaldmiðlaáhætta, en styrking krónu dregur úr ávöxtun erlendra eigna en stuðlar jafnframt að lægri innlendri verðbólgu, sem lækkar skuldbindingu sjóðsins. Þar sem lífeyrisskuldbindingar eru að fullu verðtryggðar en eignasafnið ekki geta eignir í erlendum myntum unnið á móti verðtryggingarjöfnuði í sjóðnum. Þannig er bæði horft til áhrifa á eignasafn og skuldbindingar þegar álags- og næmnipróf eru gerð á mismunandi áhættuþáttum.

Stjórn setur fram markmið og vikmörk um verðtryggingarhlutfall meðallíftíma innlands skuldabréfasafns í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Markaðsáhætta

Hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna.

Markaðsáhætta er mæld með fé í húfi (e. Value at Risk – VAR) sem er hámarkstap á tilteknu tímabili við tiltekið öryggisbil. Eins mánaðar fé í húfi miðað við 95% öryggisbil segir til um hversu mikið getur tapast á einum mánuði með 95% vissu, og að það séu 5% líkur á að tap verði hærra. Fé í húfi segir hins vegar ekki til um hversu stórt mögulegt tap er við atburð utan öryggisbils.

Stjórnin hefur sett sér viðmið um að fé í húfi fari að jafnaði ekki yfir 2,5%. Ef fé í húfi fer yfir þessi mörk skal stjórn fjalla sérstaklega um það á stjórnarfundum og kalla eftir skýringu frá áhættustjóra.

Vaxta og endurfjármögnunaráhætta – hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferilsins leiði til lækkunar á virði skuldabréfa og að ekki verði hægt að fjárfesta í skuldabréfum á jafn hárra ávöxtunarkröfu í framhaldinu. Til að fylgjast með vaxtaáhættu eru reglulega framkvæmd álagspróf sem segja til um áhrif fyrirfram skilgreindrar hækkunar ávöxtunarkröfu á heildareignir sjóðsins. Sjóðurinn stýrir vaxtaáhættu í gegnum meðallíftíma skuldabréfasafns, en meðallíftími segir til um næmni skuldabréfa fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu, ásamt því að breyta vægi skuldabréfa í heildarsafni.

Í fjárfestingarstefnu eru sett fram markmið og mörk um meðallíftíma skuldabréfasafns.

Uppgreiðsluáhætta – hættan á að skuldabréf með föstum vöxtum verði greitt upp fyrir gjalddaga og að lífeyrissjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem stefnt er að. Fylgst er með upphæð skuldabréfa með uppgreiðsluheimildum og hvaða áhrif það hefði á meðallíftíma skuldabréfasafn verði þau greidd upp fyrir lokagjalddaga. Líkur á að skuldabréf verði greidd upp fyrir lokagjalddaga eykst eftir því sem munur á vöxtum bréfanna og markaðsvöxtum eykst og minnkar þannig mögulegan gengishagnað á markaðsskuldbréfum.

Markmið stjórnar er að markaðsvirði innlendra skuldabréfa, sem eru á gjalddaga eða uppgreiðanleg á næstu 12 mánuðum, sé að jafnaði ekki hærra en 10% af heildar markaðsvirði innlendra skuldabréfa sjóðsins. Ef hlutfallið fer yfir 15% skal stjórnin fjalla sérstaklega um það og ákveða viðbrögð.

Gjaldmiðlaáhætta – hættan á að breytingar á gengi gjaldmiðla (styrking gagnvart ISK) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Gjaldmeyrisáhætta sjóðsins er mæld með eins mánaðar fé í húfi miðað við 99,5% öryggisbil. Mælikvarði segir til um hversu mikið getur tapast á einum mánuði vegna gjaldmiðlahreyfinga, þannig að einungis 0,5% líkur eru á að tapið verði meira. Sjóðurinn stýrir áhættunni með því að breyta hlutfalli erlendra eigna af heildareignum.

Stjórn sjóðsins hefur sett fjárfestingarstefnu þar sem fram koma takmarkanir á vægi eigna í erlendum gjaldmiðlum.

Mótaðilaáhætta

Hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar

Áhættan ræðst bæði af líkum á greiðslufalli og áætluðum endurheimtum ef til greiðslufalls kemur. Mótaðilaáhætta er mæld með því að sundurgreina skuldabréf sjóðsins eftir tegund útgefenda. Sjóðurinn stýrir útlánaáhættu með takmörkunum á vægi skuldabréfa eftir tegund útgefenda ásamt takmörkunum á vægi stakra útgefenda og tengdra aðila af heildareignum sjóðsins, sem tilgreindar eru í fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Markmið og þolmörk um vægi skuldabréfa eftir tegund útgefenda ásamt takmörkunum á vægi einstakra útgefenda og tengdra aðila af heildareignum sjóðsins eru sett fram í fjárfestingarstefnu.

Lausafjáraáhætta

Hættan á að lífeyrissjóður hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði

Tekið er tillit til seljanleika eigna við gerð fjárfestingastefna þannig að sjóðurinn lendi ekki í lausafjávandræðum. Áhættan er mæld með því að flokka eignir sjóðsins eftir seljanleika. Greint er á milli þriggja flokka seljanleika: 1) eignir með viðskiptavakt eða regluleg viðskipti og sjóðir með innlausnarskyldu, 2) aðrar skráðar eignir og 3) óskráðar eignir og sjóðir án innlausnarskyldu. Sjóðurinn stýrir lausafjáraáhættu með því að greina vænt greiðslufæði og varðveita nægjanlegt fjármagn í auðseljanlegum eignum svo sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Áhættustýring greinir stjórn reglulega frá mælingum á lausafjáraáhættu með skýrslugjöf.

Markmið um seljanleikaflokka er sett fram í fjárfestingarstefnu.

Samþjöppunaráhætta

Hættan á auknu fjárhagslegu tapi vegna of mikillar samþjöppunar eigna

Sjóðurinn gætir þess að eignir hans séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka. Eignir eru flokkaðar eftir mismunandi undirliggjandi orsakabáttum, s.s. landfræðilegum, atvinnugreinum, tegundum mótaðila og fl. Fylgst er með hlutdeild hvers og eins orsakabáttar í eignasafni.

Markmið stjórnar um hámarkshlutdeild útgefenda og eignaflokka er tilgreint í fjárfestingarstefnu.

Rekstraráhætta

Hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta.

Lífeyrissjóður Rangæinga útvistar öllum daglegum rekstri til Arion banka. Rekstraraðili tekur á þeim frávikum sem verða í rekstri sjóðsins og starfsmenn rekstraraðila bera ábyrgð á. Af hálfu rekstraraðila er rekstraráhættu stýrt

með virku innra eftirliti sem er hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Innra eftirlit samanstendur meðal annars af skjalfestum verkferlum, aðskilnaði starfa, ábyrgðum og heimildum starfsmanna, úttektum ásamt öðrum innri reglum. Árlega framkvæmir rekstraraðili mat þar sem áhættuþættir sem snúa að rekstri sjóðsins eru kortlagðir á skipulegan hátt, möguleg áhrif þeirra greind og virkni stýringa metin. Í framhaldinu er ákveðið hvort grípa eigi til aðgerða til þess að bæta stýringar áhættuþátta. Meðal þeirra rekstraráhættuþátta sem litið er til eru eftirfarandi:

- **Starfsmannaáhætta:** Hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika og/eða fjárhagslegs taps.
- **Hætta á sviksemi:** Hætta á að sviksemi starfsmanna rekstraraðila eða utanaðkomandi aðila leiði til fjárhagslegs taps.
- **Orðsporsáhætta:** Hætta á að hnekkir á orðspori sjóðsins leiði til fjárhagslegs taps.
- **Upplýsingatækniáhætta og öryggismál:** Áhætta sem getur falist í röngum og/eða ófullnægjandi upplýsingum, tiltækileika upplýsinganna, rangri úrvinnslu þeirra, aðgangsheimildum og öðrum öryggismálum.
- **Lög og reglur:** Hætta á að sjóðurinn starfi ekki í samræmi við lög og reglur, og/eða að lagabreytingar eða túlkun laga leiði til fjárhagslegs taps eða verði sjóðnum íþyngjandi á annan hátt.
- **Skjalaáhætta:** Hætta á að ófullnægjandi skjalagerð eða skjöl, s.s. samningar um eignastýringu og ráðstöfunar iðgjalda, séu ekki aðgengileg og/eða vistuð á öruggan hátt.
- **Áhætta vegna útvistunar:** Áhætta sem felst í útvistunarsamningi, þ.m.t. hagsmunaárekstrar sem skapast getur milli sjóðsins og útvistunaraðilans.
- **Upplýsingaáhætta:** Hætta á að upplýsingar sem sjóðurinn lætur frá sér gefi villandi mynd eða leiði til ákvarðanatöku sjóðfélaga á röngum forsendum.
- **Verkferlar og framkvæmd:** Hætta á að mistök starfsmanna, ófullnægjandi verkferlar eða því að verkferlum sé ekki fylgt leiði til fjárhagslegs taps fyrir sjóðinn.
- **Úrskurðaráhætta lífeyris:** Hætta á að lífeyrisúrskurðir séu ekki samkvæmt samþykktum sem getur leitt til endurkrafna og gefið ranga mynd af stöðu sjóðsins.

Við rekstur upplýsingakerfa fyrir sjóðinn skal taka mið af leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa.

Markmið stjórnar er að lágmarka rekstraráhættu eins og kostur er. Ef upp koma verulegir hnökror á starfsemi sjóðsins eða alvarleg atvik sem tengjast rekstraráhættu skal ræða það í stjórn sem ákveður í framhaldinu viðbrögð sjóðsins.

Fylgni milli áhættuþátta

Hættan á að fylgni áhættuþátta verði til þess að heildaráhrif þeirra á sjóðinn verði önnur heldur en ef hver áhættuþáttur væri öðrum áháður

Við greiningu á markaðsáhættu sjóðsins er samdreifni (e. covariance) milli eignaflokka metin. Við gerð fjárfestingarstefnu er tekið tillit til samdreifni eignaflokka með það fyrir augum að draga úr sveiflum á heildar markaðsvirði sjóðsins. Reynt er að haga skipulagi sjóðsins þannig að stakir atburðir hafi eins takmörkuð neikvæð áhrif og frekast er unnt, t.d. varðandi hættu á sviksemi og starfsmannaáhættu.

Markmið stjórnar er að eignir sjóðsins séu það fjölbreyttar að áhrif einstakra undirliggjandi áhrifaþátta séu takmörkuð. Nánar er kveðið á um dreifingu eigna í fjárfestingarstefnu.

Áhættumenning – kynning á áhættustefnu

Áhættumenning sjóðsins felur í sér að stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, sem koma að rekstri sjóðsins, skulu þekkja og skilja hlutverk sitt gagnvart þeim áhættuþáttum, sem sjóðurinn stendur frammi fyrir og hvernig þeim er stýrt með tilliti til áhættuvilja stjórnar.

Samþykkt á fundi stjórnar 22. nóvember 2021

Guðrún Elín Pálsdóttir, formaður stjórnar

Heimir Hafsteinsson

Guðmundur Svavarsson

Margrét Jóna Ísólfsdóttir

Þröstur Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað með fullgildri rafrænni undirritun. Rafræn undirritun skjalsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.